


[2009 - vika 37 - til föstudags 11. september 2009](#)

*Föstudagur 11. september 2009;*



**Vísitala verðlags á Írlandi** sýnir nú 5,9% verðhjöðnun á Írlandi á grundvelli síðustu 12 mánaða. Mest verðhjöðnun er í húsnæðisgeiranum eða –27.8% verðbólga á árinu. Þetta er kröftug verðhjöðnun. Þessi tala þætti stórhættulega há ef formerkjum tölunnar væri breytt í plús, því þá væri 27,8% verðbólga í stað 27,8% verðhjöðunar innan húsnæðisgeirans. Verðhjöðnun er nú komin í 14 af 27 löndum Evrópusambandsins; [Hagstofa Írlands](#)


*Fimmtudagur 10. september 2009;*

**Ríkisstjórn Lettlands hefur lofað** að afla lánsfjárupphæðar sem svarar til 800 miljónum dollara á innanlandsmarkaði í Lettlandi fyrir næstu áramót. Þessa fjármuni ætlar ríkisstjórnin að nota til að greiða "alþjóðlegum lánadrottnum". Það er fréttastofan *LETA* sem hefur komist yfir trúnaðarskjöl ríkisstjórnarinnar sem innihalda þessar upplýsingar. Þessar upplýsingar vekja að sögn spurningar um hið raunverulega ástand ríkisfjármála Lettlands; [Juris Kaža](#)

**Hörmungar Lettlands halda áfram** í faðmi Evrópusambandsins og AGS.

Þjóðarframleiðsla Lettlands hrundi um 18,7% á öðrum fjórðungi þessa árs eftir að hafa hrunið um 18,6% á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta eru tölur yfir breytingar á milli 2008 og 2009. Hrun fyrri helmingis ársins 2009 er því 18,65%. Tæplega einn fimmti hagkerfis Lettlands er því horfinn. Þetta er 3,4 sinnum meiri samdráttur en á Íslandi á sama tíma. En þetta er ekki það versta sem er að gerast innan landa ESB því samdráttur í Litháen reyndist jafnvel ennþá meiri.

Opinbert atvinnuleysi er komið í 17,4% í Lettlandi og því hafa lán í vanskilum sem hlutfall allra lána í öllu bankakerfi Lettlands aukist frá 6,1% í júní í 6,6% í júlí, samkvæmt tölum frá fjármálaeftirlitinu FKTK.



*Mynd; Global Economy Matters; raungegni Lettlands og Finnlands.* Bæði löndin eru læst innbyrðis í myntbandalagi Evrópusambandsins með gjaldmiðlinum evru í Finnlandi og ERM II fyrirkomulaginu í Lettlandi (sjá [hér](#) nánar um hrun EMS myntslöngu fyrirkomulags EEC árið 1992. EMS var komið á fót árið 1979, það hrundi svo til grunna árið 1992 en var svo leyst af hólmi af ERM II árið 1999 þegar myntbandalaginu (EMU) var komið í framkvæmd sem þá leysti ECU bókfærslumynt ESB af hólmi með euro sem áþreifanlegri mynt í umferð. Þá breyttist einnig EEC í EU).

Hefur innvortis gengisfelling Lettlands virkað? Þetta orðskrípi (innvortis gengisfelling) er núna vinsælt tískuorð yfir launa og verðhjöðnun í löndum sem ráða engu um gengi gjaldmiðils síns. Nei, það hefur þessi innvortis gengisfelling í Lettlandi ekki gert nema að

mjög takmörkuðu leyti. Heildarneysliverðlag í Lettlandi samkvæmt vísitölu Lettlands er ennþá 1,8% hærra en í ágúst mánuði í fyrra. Aðalhogfræðingur Unicredit segir að það sé engan veginn öruggt að það versta sé ennþá yfirstaðið í Lettlandi og Moody's segir að þrýstingurinn innan bankakerfisins sé ennþá að aukast. Í viðauka greinarinnar er að finna yfirlit yfir skilmála og skilyrði Brussel og AGS gagnvart Lettlandi; [Edward Hugh](#)

*Miðvikudagur 9. september 2009;*



**Hagstofa Finnlands tilkynnti í gær** að landsframleiðsla Finnlands hefði dregist saman um 9,4% á öðrum ársfjórðungi ársins miðað við sama ársfjórðung síðasta árs og um 2,3% miðað við fyrsta ársfjórðung þessa árs.

Samdráttur í landsframleiðslu Finnlands á fyrsta fjórðungi þessa árs var 6% og er því samdrátturinn á fyrstu 6 mánuðum ársins heil 7,7% miðað við tölur Eurostat fyrr á árinu. En þó er samdrátturinn heil 8,5% eftir síðustu leiðréttingu hagstofu Finnlands sem er því um 55% meiri samdráttur en varð á Íslandi á sama tíma. Útflutningur Finnlands þurrkaðist út um 30,2% á milli ára á þessum fjórðungi. Þetta eru skelfilegar tölur fyrir Finna. Mynt Finnlands heitir evra; [Statistics Finland](#)



**Hagstofa Íslands tilkynnti á föstudaginn** að landsframleiðsla Íslands (e. GDP) hafi ekki dregist saman um nema 5,5% á fyrsta helmingi þessa árs miðað við sama tíma á síðasta ári. Þetta er mun minna en í mörgum löndum

Evrópusambandsins og mun minni samdráttur en varð í landsframleiðslu Þýskalands á fyrri helmingi þessa árs (6,3%) miðað við síðasta ár; [Hagstofa Íslands](#) | [Eurostat](#)

**Vonbrigði með iðnaðarframleiðslu Þýskalands** í júlí. Þvert á væntingar féll iðnaðarframleiðsla Þýskalands í júlí mánuði um 0,9% frá því í júní þegar hún jókst um 0,8%. Í júní var iðnaðarframleiðsla Þýskalands hrunin um [28,1%](#) frá því í júní á síðasta ári. Seðlabanki Þýskalands gerir ráð fyrir að atvinnuleysi muni hækka þar í landi í 10,5% á næsta ári miðað við 8,3% í dag; [Bloomberg](#)

*Þriðjudagur 8. september 2009;*


**Á hvorn veginn féll Berlínarmúrinn?** Hvort féll hann austur eða vestur? Sameinað Þýskaland líkist meira og meira hinu fyrrverandi Austur-Þýskalandi, þ.e. stjórn málalega séð. Áður en múrinn féll vildu Austur-Þjóðverjar að allir væru jafn-fátækir. En núna vilja þeir að allir séu jafn-ríkir. Áður hét það að "eiga jafn lítið og nágranni minn". En núna heitir það "ég vil ekki eiga minna en nágranni minn". Kosningaslagorð vinstrimanna í kosningabaráttunni núna eru: "auður fyrir alla" og "skattleggjum ríka". Núna virðast bæði Austur og Vestur-Þjóðverjar hafa sameinast um að á undan frelsinu kemur jöfnuðurinn. Áður en múrinn féll tóku Vestur-Þjóðverjar frelsi fram yfir jöfnuð. En núna virðast austur & vestur sameinuð í einni stefnu: jöfnuðinum, þ.e. "ég sætti mig ekki við minna en nágranninn". Þetta krefst náttúrlega að það sé af einhverju að taka, því annars þyrftu menn að sameinast aftur um að eiga jafn lítið og nágranninn. *Der Spiegel* grein á [WSJ Opinion](#)

"Jæja, er það svona sem efnahagsbatinn lítur úr í Japan? Enginn bati þar." Sala japanska fyrirtækja er fallin um 17% á milli ára og 4,5% frá síðasta ársfjórðungi. Fjárfestingar í atvinnutækjum drógust saman um 39,1% á milli ára. Verðhjöðnun versnar og atvinnuleysi eykst; [Claus Vistesén; Alpha Sources blog](#). Ég mæli einnig með grein Claus Vistesén um Japan: [Vélarbilun](#)

**Í ágúst voru 16% fleiri nauðngaruppboð** á fasteignum í Danmörku en í júlí og 47% fleiri en fyrr ári síðan.



*Mynd 1 Danmarks Statistik; þróun fjölda nauðngaruppboða hvern mánuð frá 2007-2009*



*Mynd 2 Danmarks Statistik; þróunin fjölda nauðngaruppboða hvern mánuð frá 1979 til 2009. Árin 1986-1993 voru afar erfið á dönskum fasteignamarkaði. Þá voru stýrivextir í engu samhengi við verðbólgu í Danmörku, atvinnleysi varð massíft árum saman og fasteignaverð féll um 40%; [DST](#)*

*Mánudagur 7. september 2009;*

**Fjöldi gistinóttu ferðamanna á Spáni** dróst saman um 13,1% í júlí miðað við sama tíma á síðasta ári; [INE](#)

**Fæðingatíðni í Þýskalandi á síðasta ári** var aðeins 1,38 barn á hverja konu. Það fæddust 2000 færri börn í Þýskalandi en á árinu áður; [Statistisches Bundesamt](#). Þjóðverjum hefur fækkað um 350.000 manns frá árinu 2005 en þá hófst fólksfækkun þjóðverja fyrir alvöru og mun hún taka mikið til og vara að minnsta kosti næstu 40 árin. Hagstofa Þýskalands gerir ráð fyrir að þjóðverjum muni fækka um ca 20 milljón manns fram að árinu 2050. Vinnandi fólki mun fækka úr 60 í 35 milljón manns á þessu tímabili. Mikil eldri byrði blasir við þýska hagkerfinu. Langtímahorfur eru þær að þýsku þjóðinni muni fækka um allt að 50% á næstu tveim kynslóðum

**Yfir helmingur hótela í Danmörku** var rekinn með tapi á síðasta reikningsári og er ástandið í bransanum nú svo slæmt að 37% hótela eru ekki lengur lánshæf og því í hættu á að verða gjaldþrota. Rannsókn lánshæfnismatsfyrirtækisins *Soliditet* nær til ársreikninga þeirra 422 danskra hótela sem fyrirtækið hefur aðgang að; [Berlingske](#)

**Danskir bankar hafa tapað 32 miljörðum** danskra króna á fyrsta helmingi ársins 2009. Tapið er á útlánum og á öðrum bönkum í vandræðum. Þetta svarar til andvirði einnar brúar yfir Stórabelti sem er dýrasta mannvirki í sögu Danmerkur og sem krafðist umræðu í ca. 60 ár áður en lagt var í verkið. Það sem er enn verra er það að töp bankana munu bara aukast héðan í frá; [Berlingske](#)

**Hrun iðnaðarframleiðslu er mun minna** í Svíþjóð en í evrulandinu Finnlandi. Bæði Finnland og Svíþjóð eru iðnaðarlönd og hafa löngum fylgst að. En Finnland er með gjaldmiðil þjóðverja og Frakka (evru) á meðan Svíar hafa sína eigin sveigjanlegu sænsku krónu sem þeir stýra sjálfir með eigin seðlabanka og peningapólitík. Á meðan iðnaðarframleiðsla Finnlands hefur hrunið um 34,5% frá júní 2008 til júní 2009 hefur iðnaðarframleiðsla Svíþjóðar "aðeins" hrunið um 24,4%, sem er þó nógu slæmt svo ekki sé minna sagt; [Eurostat](#)

*Laugardagur 5. september 2009;*

**Smásala á Spáni** hefur nú dregist saman um 10,11% frá því í nóvember 2007. Þetta er 24 mánaða stanslaust hrunferli

**Bygginga og mannvirkjagerð á Spáni** hefur fallið um 30,5% frá því í júlí 2006. Þetta er 38 mánaða stanslaust hrunferli

**Iðnaðarframleiðsla Spánar** hefur dregist saman um 33,45% frá því í júní 2007. Þetta er 27 mánaða stanslaust hrunferli; [P2P In The Spanish Economy](#)

*Föstudagur 4. september 2009;*

**Atvinnuleysi ungmenna** undir 25 ára aldri á Spáni er nú komið í 38,4%. Almennt atvinnuleysi á Spáni er nú 18,5%. *Eurostat; [Unemployment July 2009](#) | RGE Europe EconoMonitor; [Spain's Unemployment Problem](#)*

*Fimmtudagur 3. september 2009;*

**Vextir á húsnæðislánum í Danmörku** munu fara hækkandi þrátt fyrir lækkandi stýrivexti vegna lækkandi verðbólgu. Það er ástand fasteignamarkaðar sem hefur úrslitaáhrif á vexti. Fjármálastofnanir segja að stýrivextir og aðgerðir seðlabanka í markaði hafi einungis 10% áhrif á myndun vaxta á húsnæðislánum. Það sem ræður mestum úrslitum um vexti húsnæðislána er ástandið á fasteignamarkaði því það eru gæði fasteignaveða, væntingar fjárfesta til verðþróunar á fasteignamarkaði og svo einnig væntingar þeirra til greiðslugetu lántakenda í framtíðinni sem skipta mestu máli um myndun vaxta á húsnæðislánum. Því munu vextir hækka: *Børsen; [Boligekspert dumper argumenter i renteopgør](#)*

---

**SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA**

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>